



Fundargerð

147. fundur íþróttá- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur

9. febrúar 2021, kl. 16.30

Viðstaddir:

Eva Stefánsdóttir, formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Jón Haukur Hafsteinsson, Alexander Ragnarsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, og Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi. Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs boðaði forföll.

Fundargerð

1. Öryggismál í sundlaugum og íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar (2021010631)

Hafsteinn Ingibergsson forstöðumaður íþróttamannvirkja og Jón Newman vaktstjóri Sundmiðstöðvar Reykjanesbæjar gerðu grein fyrir hvernig öryggismálum væri háttað í sundlaugum og íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar.

Íþróttá- og tómstundaráð felur forstöðumanni, íþróttá- og tómstundafulltrúa og verkefnastjóra gæðamála að yfirfara neyðaráætlanir fyrir sundlaugar sveitarfélagsins.

ÍT ráð þakkar Hafsteini Ingibergssyni og Jóni Newman fyrir greinargóða kynningu.

2. Íþróttir fyrir börn með sérþarfir (2021010632)

Linda Hlín Heiðarsdóttir, formaður fimleikadeildar Keflavíkur og Ólöf Steinunn Lárusdóttir kynntu starf deildarinnar fyrir börn með sérþarfir og fylgdu eftir erindi deildarinnar.

Íþróttá- og tómstundaráð þakkar Lindu Hlín og Ólöfu Steinunni fyrir fræðandi kynningu og hvetur deildina áfram til frekari dáða.

Íþróttá- og tómstundaráð samþykkir erindi fimleikadeildar Keflavíkur.

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi upplýsti um að íþróttastjórar Keflavíkur íþróttá- og ungmennafélags og UMFN eru að skipuleggja námskeið fyrir börn með sérþarfir.

3. Staða sjóða íþróttá- og tómstundamála við lok árs 2020 (2021020113)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir stöðu sjóða íþróttá- og tómstundaráðs sem allir voru undir áætlunum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.



4. Hugmyndir um stofnun Rafíþróttadeildar innan UMFN (2021020114)

Íþrótt- og tómstundaráð lýsir yfir ánægju með þá vinnu innan UMFN að stofna rafíþróttadeild.

Erindinu vísað til fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2022.

5. Allir með (2020080521)

Reykjanesbær frumsýndi fyrir skemmstu hátt í 30 kynningarmyndbönd sem sýnir allt íþrótt-, æskulýðs og tómstundastarf sem er í boði fyrir börn sem búa í sveitarfélaginu. Myndböndin eru hluti af viðamiklu samfélagsverkefni sem ber heitið Allir með! Vinna við myndböndin hófst í september 2020 þegar verkefninu var hleypt af stokkunum.

<https://youtu.be/eGkAdRUI3G0>

Myndböndin voru vistuð á glænýjum frístundavef allra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Þau sem vilja kynna sér fjölbreytt framboð íþrótt-, æskulýðs og tómstundastarfs er bent á vefinn <https://www.fristundir.is/#filter=.reykjanesbaer>

6. Frístundir á Suðurnesjum (2021020117)

Nýr sameiginlegur frístundavefur hefur verið opnaður á vefslóðinni www.fristundir.is Vefurinn gildir fyrir öll sveitarfélögin á Suðurnesjum. Þar má finna upplýsingar um það frístundastarf sem í boði er fyrir alla aldurshópa skipt upp eftir sveitarfélögum sem og hugmyndir að heilsueflandi samverustundum með fjölskyldunni.

Þau sem vilja senda inn efni til kynningar á vefinn geta sent upplýsingar og mynd á forvarnir@reykjanesbaer.is

Verkefnið er hluti af heilsueflandi samfélagi og fékk styrk frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

7. Íþróttir- tómstundir og forvarnir 2020 -2021 (2021020118)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir helstu framkvæmdir og áherslur íþrótt- og tómstundaráðs á síðastliðnu ári sem og hver eru stærstu verkefni nýs árs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00.